

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 112 – 15.01.2009

Fimmtudaginn 15. janúar, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Trúnaðarmál
2. Trúnaðarmál
3. Fjárhagsáætlun 2009.
4. Möguleikar á að stækkun hitaveitunar Út að austan.
5. Lagning hitaveitu í Sæmundarhlíð.
6. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Sjá Trúnaðarbók.
2. Sjá Trúnaðarbók.
3. Páll Pálsson lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Tekjur áætlast: 211.985.000.- Gjöld: 191.390.000.- Handbært fé frá rekstri er 20.595.000.- og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 110.945.000.- Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir framlagða áætlun.
4. Páll Pálsson og Einar Gíslason gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu með nokkrum ábúendum í Viðvíkursveit, Hjaltadal og Óslandshlíð 19. desember síðast liðinn. Þar sem farið var yfir með þeim stöðu mála vegna borunar í Kýrholti, einnig voru ræddir þeir möguleikar sem eru í stöðunni með stækkun á hitaveitu Út að austan Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að fá Verkfræðistofuna Stoð til að gera kostaðaútreikninga á stækkun hitaveitunnar.
5. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að kanna áhuga íbúa í Sæmundarhlíð á lagningu hitaveitu á bæina þar, á árinu 2009. Páli Pálssyni er falið að senda kynningarbréf til íbúanna.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.50  
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)  
Páll Pálsson (sign)